

26. apríl 2018

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Skóladagatöl leikskóla í Hafnarfirði skólaárið 2018-2019, mál 1702299

Lokun í leikskólum milli jóla og nýárs.

Þann 25. október 2017 kom ályktun frá leikskólastjórum sem send var bæjarstjóra, fræðslustjóra og formanns fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Í þessari ályktun kom m.a. fram tillaga um að loka leikskólum bæjarins á milli jóla og nýárs og starfsfólk héldi fullum launum á meðan.

Próunarfulltrúi leikskóla gerði könnun á nýtingu plássá i leikskólum Hafnarfjarðar milli jóla og áramóta 2017/2018. Niðurstaða þeirrar könnunar var að 30-40% barna nýttu plássin þessa þrjá daga sem um ræddi eða u.þ.b þriðja hvert barn.

Tillaga skólastjórnenda fór til umræðu síðar í starfshópi um starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar. Formaður starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskóla lagði m.a. fram að tillaga starfshópsins um takmarkaða lokun leikskólanna milli jóla og nýárs um áramótin 2018/2019 verði sett á dagskrá fræðsluráðs (6. fundur starfshópsins 20. mars 2018).

Tillagan er því til ákvörðunar í fræðsluráði fyrir skóladagatöl leikskóla skólaárið 2018-2019. Rök með og á móti tillögunni koma hér:

Rök með tillögunni.

1. Nýting á plássum er lítil
1. Leikskólabörn þurfa gæðastundir með foreldrum og frí líkt og grunnskólabörn
2. Liður í að auka jafnvægi milli vinnu og einkalífs

3. Gæti mögulega laðað fólk til starfa og/eða haldið betur í það fólks sem nú þegar er í starfi

2. Rök á móti tillögunni

1. Aðrir starfsmenn sveitarfélagsins færu fram á hið sama, samanburður.
2. Leikskólastarfsfólk vinni af sér fríð

3. Kostnaðargreining tillögunnar

Sveitarfélaginu verður fyrir 5,5 millj. króna tekjutapi sem nemur þessari lokun vegna innheimtu leikskólagjalda.

Tekið saman af Jennýju D. Gunnarsdóttur, þróunarfulltrúa leikskóla